

Fimmtudaginn 28. nóvember 1996.

Nr. 332/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Stefáni Siggeiri Þorsteinssyni

(Stefán Pálsson hrl.)

Friðhelgi einkalífs. Áminning. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Markús Sigurbjörnsson og Viðar Már Matthíasson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1996 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds. Endanleg krafa af hálfu ákærvalds er um staðfestingu hins áfrýjaða dóms.

Ákærði krefst sýknu af kröfum samkvæmt ákæru 21. maí 1996, en að öðru leyti, að refsing verði svo væg sem lög leyfa og skilorðsbundin.

I.

Í yfirlýsingu ákærða 16. ágúst 1996 um áfrýjun héraðsdóms sagði, að áfrýjað væri til að fá endurskoðun á ákvörðun viðurlaga, og var þar vísað í því sambandi til a- og b-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Var einnig tekið fram, að fyrir Hæstarétti myndi ákærði krefjast þess, að refsing yrði milduð og skilorðsbundin.

Með framangreindri tilvísun til b-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 lét ákærði í ljós, að hann hygðist leita fyrir Hæstarétti endurskoðunar á niðurstöðum héraðsdóms, sem væru byggðar á skýringu eða beitingu réttarreglna. Fyrrgreind krafa ákærða um sýknu af kröfum í ákæru 21. maí 1996 var vissulega ekki höfð skýrlega uppi, þegar hann lýsti yfir áfrýjun, en hún er þó reist á rökum, sem varða skýringu eða beitingu réttarreglna. Þegar af þessum sökum eru ekki efni til að fallast á þá röksemd ákærvalds, að þessi krafa ákærða hafi

verið of seint fram komin, þegar hún var fyrst höfð berum orðum uppi í greinargerð hans fyrir Hæstarétti.

II.

Málið var höfðað á hendur ákærða með ákæru 16. apríl 1996 fyrir brot gegn friðhelgi einkalífs, með því að hann hafi í mars á sama ári þrátt fyrir áminningu lögreglunnar í Hafnarfirði 18. apríl 1995 margsinnis ónáðað X með bréfasendingum og símhringingum. Hinn 21. maí 1996 var síðan gefin út önnur ákæra á hendur ákærða fyrir sams konar brot, með því að hann hafi margsinnis í apríl á sama ári ónáðað Y með símhringingum þrátt fyrir áminningu lögreglunnar í Hafnarfirði 18. apríl 1995 fyrir sams konar ónáði og ofsóknir gegn X, en þau Y og X voru þar sögð tengjast vinarböndum. Mál samkvæmt þessum ákærum voru sameinuð á dómþingi 11. júní 1996.

Í skriflegri áminningu lögreglunnar í Hafnarfirði, sem var vísað til í báðum fyrrgreindum ákærum, segir, að ákærða sé gefið að sök að hafa valdið X ónáði með símhringingum fyrri hluta árs 1995, en brotið þyki varða við 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði viðurkenni að hafa hringt til kæranda nokkrum sinnum á umræddu tímabili. Hann sé því áminntur samkvæmt áður nefndu lagaákvæði og „honum bent á, að ef hann gerist aftur sekur um brot á umræddri grein hegningarlaga, varði það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum“.

Brot ákærða samkvæmt ákæru 16. apríl 1996, sem beindust að X, voru drýgð með endurteknum bréfasendingum og símhringingum til hennar að ... í Hafnarfirði, þar sem hún átti heimili. Háttsemin samkvæmt ákæru 21. maí 1996 fólst hins vegar í endurteknum símhringingum til Y á heimili hans að ... í Reykjavík. Þótt ákærði hafi viðurkennt að hafa ónáðað Y á þennan hátt vegna þeirra vinarbanda, sem hann tengdist X og um ræðir í síðarnefndu ákærinni, verður að líta til þess, að samkvæmt gögnum málsins áttu Y og X ekki heimili saman, tengslin milli þeirra voru ekki önnur en áður greinir og háttsemi ákærða gagnvart þeim fólst í ónáði, sem beindist sjálfstætt að hvoru um sig. Er því ekki unnt að fallast á, að áminning lögreglunnar 18. apríl 1995 sé nægileg, til að háttsemi ákærða gagnvart Y geti varðað við 1. mgr. 232. gr. almennra heg-

ingarlaga. Verður því að sýkna ákærða af refsikröfu í ákæru frá 21. maí 1996.

III.

Með vísan til þess, sem segir í forsendum héraðsdóms um ákvörðun refsingar ákærða, þykir hún þar hæfilega ákveðin, þótt hann sé samkvæmt framansögðu sýknaður að hluta af kröfum ákæruvalds. Eru ekki efni til að binda refsinguna skilorði að hluta eða með öllu. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms því staðfest.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um refsingu ákærða, Stefáns Siggeirs Þorsteinssonar, og sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 12. júlí 1996.

Ár 1996, föstudaginn 12. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Finnþoga H. Alexanderssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-213/1996 (S-267/1996): Ákæruvaldið gegn Stefáni Siggeiri Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms 19. júní sl.

Málið er höfðað með ákærum ríkissaksóknara, út gefnum 16. apríl 1996 (S-213/1996) og 21. maí 1996 (S-267/1996), á hendur Stefáni Siggeiri Þorsteinssyni, Miðvangi 41, Hafnarfirði, fæddum 14. janúar 1928, fæðingarnúmer 341, fyrir eftirgreind brot.

Samkvæmt fyrrgreindu ákærunni er ákærða gefið að sök brot gegn friðhelgi einkalífs með því að hafa í mars 1996 þrátt fyrir áminningu lögreglunnar í Hafnarfirði 18. apríl 1995 margsinis ónáðað X [fædda 1937] með bréfsendingum og símhringingum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Samkvæmt síðargreindu ákærunni er ákærða gefið að sök brot gegn friðhelgi einkalífs með því að hafa margsinis í apríl 1996 ónáðað Y [fæddan 1930], Reykjavík, með símhringingum þrátt fyrir áminningu lögreglunnar

í Hafnarfirði 18. apríl 1995 fyrir sams konar ónæði og ofsóknir gegn X [fæddri 1937], en nefndur Y tengist henni vinarböndum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Málið er dæmt samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærum; og þar er rétti-
lega færð til refsíákvæða.

Af hálfu ákærða er talið, að honum verði ekki refsað fyrir háttsemi sína samkvæmt síðari ákærinni, þar sem ekki sé fyrir að fara áminningu lög-
reglu gagnvart ákærða vegna ónæðis, sem beinst hafi að Y.

Þá er farið fram á það af hálfu ákærða, að refsing hans verði skilorðs-
bundin gegn því, að hann gangist undir að hlíta tilteknum skilyrðum, sem dómurinn ákveði.

Hinn 31. mars 1995 var ákærði dæmdur í tólf mánaða fangelsi, þar af níu mánuði skilorðsbundna í tvö ár, fyrir húsbrot og stórfellda líkamsárás á X. Ákærði hefur afplánað óskilorðsbundna hluta dómsins, þriggja mánaða fangelsi.

Hinn 18. apríl 1995 sætti ákærði lögregluáminningu fyrir brot gegn 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga gagnvart X, og 7. desember 1995 var ákærði dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness til greiðslu 10.000 króna sektar í ríkissjóð fyrir brot gegn 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga gagnvart X. Í þeim dómi var skilorðshluti dómsins frá 31. mars 1995 látinn haldast.

Dómurinn telur, að lögregluáminning sú, er ákærði sætti 18. apríl 1995, hafi gildi gagnvart brotum ákærða samkvæmt síðari ákærinni, enda verður að telja þá röskun á friði Y, sem af símhringingum ákærða hlaust, beinast óbeint að X og valda röskun á friði hennar, en ákærði vissi, að hún átti vin-
gott við Y. Verður því að telja skilyrði til að refsa ákærða fyrir brot hans samkvæmt síðari ákærinni.

Með brotum þeim, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir samkvæmt báðum ákærum, hefur hann rofið skilorð samkvæmt skilorðshluta dómsins frá 31. mars 1995, og verður sá hluti því dæmdur upp og í einu lagi með hinum nýju brotum, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af 77. gr. al-
mennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tíu mánuði. Ekki þykja skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna að hluta eða að öllu leyti.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin máls-
varnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfileg 35.000 krónur.

Dómsuppsaga dróst vegna veikinda dómara.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Stefán Siggeir Þorsteinsson, sæti fangelsi í tíu mánuði.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.
